

Alþingi, efnahags- og
viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18. febrúar 2003 2003020273

**Efni: Umsögn um frumvarp - 130. mál á þskj. 130.
Frádráttur vegna greiddra félagsgjalda til stéttarfélaga.**

Vísað er til bréfs háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar frá 14. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Þær breytingar sem ráðgerðar eru í frumvarpinu snúa að skattalegri meðferð á félagsgjöldum til stéttarfélaga. Er ráðgert að heimilaður verði skattfrádráttur hjá þeim sem slík gjöld greiða sem svari til fjárhæðar þeirra.

Ríkisskattstjóri er ekki meðmæltur lögfestingu frumvarpsins.

Lögfesting þess myndi að mati ríkisskattstjóra gera skattálagningarkerfið flóknara en efni standa til og gæti orsakað ýmsar ófyrirsjáanlegar flækjur og vafaatriði í framkvæmdinni. Getur slíkt kostað ágreiningsmál milli skattþegna og skattyfirvalda og kærnum og úrlausnarmálum af ýmsu tagi gæti fjölgað frá því sem nú er.

Einnig er til þess að líta að samþykkt þessa frádráttarliðar væri á skjön við þá stefnu stjórnvalda að leitast við að halda uppi sem einföldustu og skilvirkustu skattálagningarkerfi. Þannig hefur nú á annan áratug verið lögð áhersla á að hafa undanþágur, frádrætti og afslætti frá skattstofnum og sköttum sem fæsta og tekjuhugtakið sem ljósast og skýrast.

Uppbygging skattaregla að því er varðar ákvörðun á tekjuskattstofni einstaklinga er með þeim hætti að tekjur koma til skatts án undanþága eða frádráttar. Eina frávikið frá þessu er hinn almenni frádráttur vegna greiddra iðgjalda í lífeyrissjóð. Sá tiltölulega gagnsæi og einfaldi frádráttur hefur kostað ýmiss konar misskilning og álitaefni. Frádráttur vegna fjárfestinga í atvinnurekstri hefur nú verið afnuminn.

Á það skal bent að nokkurs misskilnings gætir í greinargerð með frumvarpinu um heimildir atvinnurekenda til að færa greidd félagsgjöld frá sem útgjöld. í rekstri. Einungis er heimilt að færa til frádráttar ýmis skyldubundin félagsgjöld, þ.e.a.s félagsgjöld sem atvinnurekendur greiða og ganga til greiðslu kostnaðar vegna öflunar, viðhalds og tryggingar atvinnurekstrartekna þeirra. Eigi mega gjöld þessi vera til eignamyndunar og settar eru reglur í því sambandi. Sé verulegum hluta félagsgjalda ekki ráðstafað rétt takmarkast frádráttarbærni þeirra að sama marki. Félagsgjöld til stéttarfélags samkvæmt lögum um stéttarfélög og

vinnudeilur, er hins vegar óheimilt að draga frá tekjum. Ríkisskattstjóri hefur síðan sérstakt eftirlit með og heldur lista yfir þau félagsgjöld til atvinnurekendafélaga sem frádráttarbær eru sem rekstrarkostnaður sem atvinnurekendur greiða og ganga til greiðslu kostnaðar vegna öflunar, viðhalds og tryggingar atvinnurekstrartekna þeirra.

Eins og að framan greinir er ríkisskattstjóri ekki meðmæltur samþykkt frumvarps þess sem hér er til meðferðar.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra

Furquar J. Røyvaldsson Steingrín Harðardóttir